



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfirði 8. nóvember 2017

Efni: Yfirlýsing varðandi samning ÍBH, Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto til eflingar íþróttastarfi yngri iðkenda aðildarfélaga ÍBH

Frá árinu 2002 hefur verið í gildi þríliða samningur milli Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarbæjar og Alcan á Íslandi (Ísals), síðar Rio Tinto til eflingar íþróttastarfi yngri iðkenda aðildarfélaga ÍBH 16 ára og yngri. Í fyrirhuguðum nýjum samningi sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2017 stendur til að hækka aldurinn um eitt ár og verður samningurinn þá fyrir iðkendur yngri en 18 ára. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar eindregið eftir því að samningurinn verði áfram þríliða með tilliti til góðrar reynslu undanfarin ár. Samningurinn hefur verið gífurlega mikilvægur við að byggja upp öfluga íþróttahreyfingu í Hafnarfirði sem hefur undanfarin 25 ár náð mjög góðum forvarnarárangri, íþróttaárangri og mikilli almennri íþróttabátttöku. Samningurinn veitir stuðning vegna fjölda iðkenda sem stunda reglubundnar æfingar hjá aðildarfélögum ÍBH yfir árið, hvetur félög og íþróttagreinar til gerð námskráa og endurskoðun þeirra reglulega, hvetur félögin og íþróttagreinar til að ráða hæfa menntaða þjálfara til starfa með börnum og unglíngum og hvetur félög og íþróttagreinar til að bæta hlut þess kyns sem hallar á innan félaga og íþróttagreina. Án fjárhagslegsstuðnings fyrirtækja er ekki hægt að reka íþróttastarf á Íslandi nema að hækka enn meira kostnað á iðkendur / forráðamenn sem myndi án efa draga úr íþróttabátttöku og fjölbreytni. Öll árin sem eru orðin mörg, hefur verið mjög gott samstarf milli Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um samninginn og samstarfið á bakvið hann og ber að þakka kærlega fyrir það.

F.h. stjórnar ÍBH

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH